

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna

haldinn 26. apríl 2017 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2017 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2-3, miðvikudaginn 26. apríl 2017 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins bauð gesti velkomna og færði fundinum kveðjur frá Friðberti Traustasyni, formanni stjórnar sjóðsins, sem forfallaðist. Tryggvi lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins, setti fundinn og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki. Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2016.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.
- 3) Tillaga sjóðfélaga um breytingu á 2. gr. samþykktar sjóðsins.

Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2016, var aðgengileg í ársreikningi 2016 á bls. 11 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 30 fyrir Aldursdeild.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins.

Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila
- 4) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- 7) Kosning varamanna
- 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 10) Önnur mál
 - a. Málefni Hlutfallsdeilda.

1) Skýrsla stjórnar

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir skýrslu stjórnar í fjarveru Friðberts Traustasonar, formanns stjórnar sjóðsins, sem forfallaðist.

Tryggvi tók til máls og vék máli sínu að stjórn og starfsmönnum sjóðsins.

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var í lok árs 2016 skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru fulltrúar sjóðfélaga en þeir eru Friðbert Traustason, Sigurjón Gunnarsson og Ingólfur

Guðmundsson, en þeir voru kjörnir á ársfundi 2016. Fulltrúar aðildarfyrtækja í stjórn eru einnig 3 en þeir eru Bergþóra Sigurðardóttir tilnefnd af bankaráði Landsbankans hf., Ásta H. Bragadóttir tilnefnd af bankaráði Seðlabanka Íslands og Þóra Valný Yngvadóttir tilnefnd af aðildarfyrtækjum sameiginlega. Stjórnin skiptir með sér verkum, Friðbert er formaður og Bergþóra varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru 4 talsins, Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, Halldór Emil Sigtryggsson, sérfræðingur, Hulda Björk Guðmundsdóttir, ritari og Margrét Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi. Sjóðurinn er til heimilis að Skipholti 50b. Kjörnir skoðunarmenn eru Guðrún Antonsdóttir og Jón Ívarsson. Í endurskoðunarnefnd eru Ásta H. Bragadóttir, Sigurjón Gunnarsson og Stefán Svavarsson er formaður. Löggiltur endurskoðandi er frá Deloitte hf. Tryggingafræðingur er Bjarni Guðmundsson og lögfræðingur sjóðsins er Sveinn Sveinsson, hrl. Þá hefur Jónas Fr. Jónsson hdl. komið að málum undanfarið.

Tryggvi vék því næst máli sínu að eftirliti og endurskoðun sjóðsins. Engar breytingar voru gerðar á samþykktum sjóðsins á ársfundi ársins 2016 en nýjustu breytingar á samþykktum sjóðsins voru gerðar á ársfundi þann 26. mars 2014 og voru þær samþykktar af Fjármálaráðuneytinu þann 28. nóvember 2014. En Fjármálaráðuneytið verður að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðsins sem sjóðfélagafundir og aðildarfyrtækin hafa samþykkt eða stjórn sjóðsins lagt fram.

Sjóðurinn starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að lögum um lífeyrissjóði sé framfylgt og fær eftirlitið ársfjórðungslegar skýrslur um rekstur og fjárfestingar sjóðsins. Sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri og innri endurskoðenda. Löggiltir endurskoðendur Deloitte hf. sjá um ytri endurskoðun og aðstoða við uppsetningu ársreikninga en löggiltir endurskoðendur KPMG ehf. sjá um innri endurskoðun og eru óháðir ytri endurskoðendum. Síðan fylgist endurskoðunarnefnd, skipuð þremur aðilum, með úttektum endurskoðenda. Til viðbótar þessu sér tryggingafræðingur um tryggingafræðilega úttekt. Þá framkvæma félagslega kjörnir skoðunarmenn kannanir á helstu starfspáttum sjóðsins og vinna mikið og gott starf fyrir sjóðinn. Endurskoðendur afgreiddu úttekt á sjóðnum í ár „án athugasemda“.

Þessu næst fór Tryggvi yfir fjárfestingar sjóðsins.

Áfram er íhaldssemi í fjárfestingum hjá sjóðnum og þá sérstaklega fyrir Hlutfallsdeild. Á árinu 2016 skilaði Hlutfallsdeild 3,32% raunávöxtun en Aldursdeild raunávöxtun upp á -0,12% á árinu og var undir markmiðum. Ávöxtun á árinu 2016 var almennt ekki góð, innlend hlutabréf lækkuðu töluvert auk þess sem að erlendir markaðir voru sveiflukenndir. Þá styrktist gengi krónunnar mjög mikið, sem hefur neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna sem mæld er í íslenskum krónum. Möguleikar til ávöxtunar á markaði 2016 voru almennt undir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Ríkisskuldabréf eru t.a.m. í afar lágrí stöðu en ávöxtunarkrafan á markaði er á bilinu 2-3%, virkir innláns samningar sjóðsins væru enn með vexti á bilinu 3,4-5,3%, ný innlán eru að fást á bilinu 2,0-2,5% raunvöxtum og eru sjóðfélagalán á 3,5% raunvöxtum. Þá fjárfestir sjóðurinn í hlutabréfum en eru slíkar fjárfestingar aðallega í Aldursdeild sem skýrir m.a. í lakari ávöxtun deildarinnar á árinu. Þá ber að geta þess að nýjar aldurstöflur hafa haft verulega neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu en Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur mun fara nánar yfir það í sinni yfirferð. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á markaði var ávöxtun deildanna viðunandi á árinu og stenst vel samanburð við ávöxtun annarra sjóða.

Tryggvi fór því næst yfir ávöxtun deildanna milli ára og hreina eign umfram heildarskuldbindingar. Í máli Tryggva kom m.a. fram að Hlutfallsdeild skilaði 3,32% raunávöxtun 2016, skilaði 4,36% raunávöxtun að meðaltali síðustu 5 ár og hefur skilað 3,78% raunávöxtun að meðaltali frá stofnun 1998. Aldursdeild skilaði -0,12% raunávöxtun 2016, skilaði 4,67% raunávöxtun að meðaltali síðustu 5 ár og skilaði 3,83% raunávöxtun að meðaltali frá stofnun 1998. Þá var hrein eign umfram skuldbindingar -4,02% fyrir Hlutfallsdeild samanborið við -2,61% 2015. Hrein eign Aldursdeildar umfram skuldbindingar var -3,62% fyrir Aldursdeild samanborið við -0,46 árið 2016. Í máli Tryggva kom fram að ástæður þessarar ávöxtunar mætti m.a. rekja til nýrra aldurstafna, lengri lífaldurs og slakari ávöxtun á síðasta ári en oft áður vegna aðstæðna á markaði. Því næst fór Tryggvi yfir rekstur

sjóðsins og birti m.a. í því sambandi glæru sem sýndi yfirlit yfir rekstrarkostnað sem hlutfall af hreinni eign annarra lífeyrissjóða til samanburðar. Tryggvi nefndi að hann teldi að sjóðurinn gæti vel við unað og nefndi að allt kapp væri lagt á að hafa rekstur sjóðsins sem hagkvæmastann.

Næst ræddi Tryggvi um framtíð sjóðsins.

Þegar litið er til framtíðar þá eru áskoranir framundan. Nýjar aldurstöflur hafa litið dagsins ljós sem miða við reynslu árunna 2011-2014 og bæta þær við skuldbindingu upp á 0,5% til 1% hjá lífeyrissjóðum landsins. Þá verður bráðlega tekin í notkun ný aðferð við mat tryggingafræðinga þar sem reiknað er með enn lengri lífaldri næstu árin og felst í því enn frekari skuldbinding fyrir lífeyrissjóðina. Þá hefur vaxtastig farið lækkandi sem fækkar ávöxtunarmöguleikum og felst áskorun í þessu fyrir alla lífeyrissjóði að standa undir sínum skuldbindingum. Almennt hefur það verið þannig að þegar sjóðir fara yfir sín lögbundnu mörk þá er brugðist við t.d. með því að skerða réttindi sjóðfélaga. Fyrirkomulag Stapa lífeyrissjóðs í þessu sambandi er áhugavert en það felst í grófum dráttum í því að aðlagða lífeyrisskuldbindinguna til framtíðar jafnóðum í ljósi breytinga á ávöxtun og tryggingafræðilegri stöðu og mögulega er það nálgun sem aðrir lífeyrissjóðir gætu horft til.

Þá fór Tryggvi yfir samspil Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða og í máli hans nefndi hann m.a. að þannig væri að lífeyrsgreiðslur frá Tryggingastofnun lækkuðu þegar greiðslur frá lífeyrissjóði færu yfir skilgreint frítekjumark. Þetta samspil hefði skapað talsverða óánægju með lífeyriskerfið í heild sem væri skiljanlegt og vildi hann gjarnan sjá breytingar til hækkunar á frítekjumarki lífeyrsgreiðslna frá Tryggingastofnun. Ljóst væri hinsvegar að slíkum kröfum þyrfti að beina að Alþingi. Tryggvi nefndi að lífeyrissjóðir, samtryggingasjóðir ef svo mætti kalla, væru í eðli sínu að einhverju leyti eins og tryggingafélög, þ.e. hluti iðgjalda færi í að tryggja áföll sjóðfélaga, s.s. með örorkulífeyri eða makalífeyri við andlát. Það væri því ekki með öllu hægt að horfa þannig á að iðgjald myndaði aðeins inneign til ellilífeyris heldur væri hluti iðgjaldsins í raun að kaupa tryggingu fyrir hugsanlegum áföllum.

Að lokum nefndi Tryggvi að til skoðunar væri fýsileiki þess að gefa möguleika á flutningi sjóðfélaga á milli deilda eins og gert var um áramótin 1997/1998. Í máli Tryggva kom m.a. fram að þó hann teldi rétt að nefna slíkar hugmyndir á fundinum þá væri að ekki tímabært að fara mjög djúpt í það mál þegar stóra mál Hlutfallsdeildar væri enn óleyst. Tryggvi minntist á að í lok fundar yrði farið sérstaklega yfir málefni Hlutfallsdeildar.

Tryggvi lauk máli sínu um skýrslu stjórnar.

Hinrik tók til máls og lagði til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar í kjölfar yfirferðar Tryggva Tryggvasonar á næstu liðum sem eru annars vegar kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins og fjárfestingarstefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila. Var það samþykkt.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók þá næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Tryggvi fór yfir hvora deild fyrir sig.

Fyrst vék Tryggvi máli sínu að Hlutfallsdeild og fór hann yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild í árslok 2016. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var um 38.427 milljónir króna í árslok 2016 samanborið við um 38.458 milljónir króna í árslok 2015, en um er að ræða lækkun um 30 milljón krónur milli ára. Þá fór Tryggvi yfir tölur um rekstrarkostnað, sem lækkaði nokkuð milli ára. Nákvæmar tölulegar upplýsingar má nálgast á bls. 8 í ársreikningi félagsins sem aðgengilegur er á vefsíðu sjóðsins. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Hlutfallsdeildar 31. desember 2016 og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2016 og ræddi þar nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 9 - 10, í ársreikningi sjóðsins.

Eftir að hafa farið yfir Hlutfallsdeild fór Tryggvi yfir Aldursdeild. Byrjaði Tryggvi á að fara yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í lok árs 2016. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild var um 32.591 milljónir króna í árslok 2016 samanborið við um 30.447 milljónir króna í árslok 2015, en um er að ræða hækkun um rúmlega 2 milljarða króna á milli ára, en hækkunin var ekki meiri, sem má að mestu rekja til lækkunar á hlutabréfum. Tryggvi vék máli sínu að öðrum lykiltölum varðandi breytingar á hreinni eign og er hægt að nálgast tölulegar upplýsingar á bls. 27 í ársreikningi. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Aldursdeildar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2016 og ræddi nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 28 – 29, í ársreikningi sjóðsins.

Að lokum benti Tryggvi á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum fyrir sitt hvora deildina, fyrir Hlutfallsdeild á bls. 12 – 26 í ársreikningi og fyrir Aldursdeild á bls. 31 – 47.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að fjárfestingarstefnum sjóðsins.

3) Fjárfestingarstefnur sjóðsins

Í máli Tryggva kom fram að framsetning fjárfestingarstefna sjóðsins hefði breyst nokkuð milli ára en greina mætti í dag skýrari flokkun þá sérstaklega er varðar fjárfestingar í skuldabréfum. Þessar breytingar væru til mikilla bóta að hans mati þar sem skýrari stefnur fela í sér betri upplýsingar fyrir sjóðfélaga. Þá vísaði Tryggvi til þess að fjárfestingarstefnur sjóðsins væru endurskoðaðar reglulega og væru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is/sjodurinn/fjarfestingarstefnur/.

Tryggvi fór yfir fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar. Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar er varfærin, með lágt áhættustig og stöðuga raunávöxtun. Hlutfallsdeild hefur ekki mikið þol fyrir sveiflur þar sem um er að ræða lokaða deild með minnkandi innflæði fjármagns en aukningu í útlæði fjármagns á móti og skýrir það hvers vegna fjárfestingarstefna deildarinnar er varfærin. Varfærin fjárfestingarstefna er ástæða þess að Hlutfallsdeild sigldi lygnari sjó hvað ávöxtun varðar en margir aðrir sjóðir á síðasta ári. Þá ræddi Tryggvi einstaka eignaflokka í fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar og hver markmið væru í hverjum eignaflokki. Í máli Tryggva kom m.a. fram að ekki væri fyrirjáanlegt á þessum tíma að fjárfest yrði í erlendum eignum.

Þá fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Aldursdeildar. Fjárfestingarstefna Aldursdeildar er einnig varfærin í eðli sínu en hefur þó töluvert hærra áhættustig en fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar. Fór Tryggvi yfir einstaka eignaflokka og hver markmið væru í hverjum eignaflokki. Í máli Tryggva kom m.a. fram að erlendar eignir væru með heldur lægra móti og mætti skoða að hækka það hlutfall af eignum deildarinnar.

Helstu breytingar hafi verið þær að markmið fyrir innlend hlutabréf hafi hækkað úr 18% í 21%, hámark úr 25% í 30%, og markmið fyrir ríkisskuldabréf lækkað úr 42% í 38%. Þá nefndi Tryggvi að gera mætti ráð fyrir því að skoðað yrði hvort markmið fyrir erlend verðbréf yrði rýmkað.

Lauk Tryggvi máli sínu um fjárfestingarstefnur og Hinrik gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur sjóðsins og bað sjóðfélaga um að kynna sig þegar spurning er borin fram.

Kjartan Sigurgeirsson kom í pontu og tók til máls. Kjartan nefndi að hann hefði spurningu um rekstrarkostnað. Í máli Kjartans kom fram að í ársreikningi sjóðsins mætti greina að rekstrarkostnaður væri samanlagt 140 milljónir fyrir báðar deildir og spurði Kjartan hvort það væri ekki vel í lagt. Tryggvi Tryggvason svaraði og nefndi að sjóðurinn væri sífellt með augun á rekstrarkostnaði sem hefði nú lækkað á milli ára m.a. vegna kostnaðar vegna starfsloka framkvæmdastjóra á árinu 2015. Tryggvi nefndi að sjóðurinn sýndi ráðdeild og sparsemi og nefndi Tryggvi að hans mat væri það að rekstrarkostnaður væri hóflegur m.v. aðstæður.

Tryggvi Karlesson kom í pontu tók til máls. Tryggvi óskaði vinsamlegast eftir sundurliðun á kostnaðarliðnum „annar kostnaður“ í ársreikningi, sem væri 46 milljónir samanlagt hjá deildunum. Tryggvi Tryggvason svaraði og fór yfir það hvaða kostnaðarliðir falla undir liðinn „annar kostnaður“ og taldi hann upp einstaka liði, þar sem stærsti liðurinn var húsnæðiskostnaður.

Haukur Þórhallsson kom í pontu og tók til máls. Haukur vísaði í liðinn „niðurfærslur skuldabréfa“ í ársreikningi og spurði hvenær hin eiginlega gjaldfærsla hefði átt sér stað. Tryggvi Tryggvason tók til máls og svaraði því til að um væru að ræða skuldabréf sem tengdust föllnu bönkunum og að þessi liður hefði ekki bein áhrif á sjóðinn heldur væri um að ræða tilfærslu, þ.e. í stað þessara krafna hefði sjóðurinn eignast nýjar kröfur.

Hinrik Greipsson kom í pontu og kvað orðið enn vera laust. Enginn kvað sér hljóðs. Voru skýrsla stjórnar og ársreikningur því næst borin upp til samþykktar. Voru þau samþykkt með því að sjóðfélagar réttu upp atkvæðamerki.

Þá kvað Hinrik þessum liðum um skýrslu stjórnar, ársreikning 2016 og fjárfestingarstefnur, vera lokið og næstur tæki til máls Bjarni Guðmundsson til að fara yfir tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins.

4) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en ítarlegar skýrslur hans eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins á slóðinni www.lifbank.is/sjodurinn/tryggingafræðileg-athugun. Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu 2016 er nú aðgengilegt í ársreikningi 2016 ásamt skýringum. Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu fyrir Hlutfallsdeild má nálgast í ársreikningi á bls. 11 og 21 (skýringarliður 14) og fyrir Aldursdeild á bls. 30 og 41 (skýringarliður 15).

Bjarni gerði fyrst grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga. Þá nefndi Bjarni að forsendur við tryggingafræðilega athugun væru breyttar frá síðustu athugun en breytingin varðar það að forsendur um dánar- og lífslíkur byggja nú á nýjum dánar- og eftirlífendatölum útgefnum af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Bjarni fór yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar í báðum deildum.

Í umfjöllun sinni um Aldursdeild minnti Bjarni á að forsendur við tryggingafræðilega athugun væru breyttar er varðar dánar- og lífslíkur en að öðru leyti væru forsendur óbreyttar milli ára. Heildarskuldbinding Aldursdeildar var 3,62% umfram heildareignir samanborið við 0,47% árið áður. Í máli Bjarna kom m.a. fram að lakari tryggingafræðilega stöðu deildarinnar mætti rekja til breyttra forsendna um dánar- og lífslíkur og til áhrifa af lægri raunávöxtun deildarinnar á milli ára en væntingar stóðu til. Í þessu sambandi nefndi Bjarni að breyttar forsendur um dánar- og lífslíkur hefðu haft þau áhrif að skuldbinding hækkaði um ca. 1,5% til 2%. Þá nefndi Bjarni að þrátt fyrir að tryggingafræðileg staða deildarinnar hefði versnað þá væri staðan innan þeirra viðmiða sem lög um lífeyrissjóði setja og því engin kvöð um að bregðast við stöðunni t.d. með því að skerða réttindi.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild nefndi Bjarni fyrst að gert væri ráð fyrir 50% nýtingu á 95 ára reglu. Þá kom fram í máli Bjarna að breyttar forsendur um dánar- og lífslíkur hefðu kostað deildina töluvert og ef ekki hefði verið fyrir þá breytingu hefði tryggingafræðileg staða deildarinnar líklega batnað á árinu 2016. Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar versnaði lítila á árinu en er innan viðmiða sem lög um lífeyrissjóði setja þar um. Í máli Bjarna kom m.a. fram að á heildina litið hefði síðasta ár verið nokkuð jákvætt fyrir Hlutfallsdeild. Bjarni lauk máli sínu.

Hinrik þakkaði fyrir og gaf orðið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

Haukur Þórhallsson tók til máls og var með spurningu um ársreikninginn. Haukur spurði hvað fælist í mismuninum á virkum sjóðfélögum og sjóðfélögum í Hlutfallsdeild í árslok á bls. 25 í ársreikningi. Þá spurði Haukur hvar væri þá að finna sem ættu geymd lífeyrisréttindi, 12-1300 sjóðfélaga hugsanlega. Og hvað með þá sem ættu endurgreiðslurétt, þ.e. þá sem hafa greitt í sjóðinn í einhvern tíma en ekki öðlast rétt til að fá greiddan lífeyri en gætu fengið endurgreitt iðgjald í staðinn. Tryggvi Tryggvason tók til máls. Fjöldi virkra sjóðfélaga eru þeir sem greiða iðgjald á árinu í Hlutfallsdeild eða 181. Sjóðfélagar í árslok 164 er fjöldi þeirra sem greiddu lífeyri lok ársins.

Steingerður Jóhannsdóttir tók til máls og spurði hvenær þeir sjóðfélagar sem ættu endurgreiðslurétt mættu fá endurgreitt. Bjarni Guðmundsson svaraði því og sagði að það væri þegar þeir væru komnir á lífeyrisaldur 65 ára.

Hrefna Arnkellsdóttir tók til máls og spurði hvort endurgreidd iðgjöld væru greidd á sömu vöxtum og væru á sjóðnum. Bjarni svaraði því til að svo væri.

Ekki voru fleiri spurningar undir þessum lið.

5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.

Hinrik Greipsson tók til máls og kynnti að fyrir fundinum lægi tillaga til breytinga á samþykktum.

Hjörvar Jensson bað um orðið og upplýsti fundinn og fundarstjóra um að fram væri komin breytingartillaga á framlagðri tillögu.

Hinrik Greipsson ákvað að fara yfir upphaflega tillögu fyrst og gefa Hjörvari svo orðið til að kynna breytingartillöguna. Upphafleg tillaga sjóðfélaga um breytingu á 2. gr. samþykktu sjóðsins lá frammi á skrifstofu sjóðsins fyrir fundinn og var jafnframt aðgengileg á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var svohljóðandi (viðbættur texti er feitletraður og undirstrikaður):

2.1 Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins, **þar af skal formannsefni sjóðfélaga kosið sérstaklega í skriflegri kosningu.** Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn.

2.2 Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. **Framboð til stjórnar skulu kynnt á heimasíðu sjóðsins strax og þau liggja fyrir.** Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum **en formaður skal kosinn af sjóðfélögum sbr. grein 2.1.** Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Hjörvar Jensson kom þá í pontu og kynnti breytingartillögu á framkominni tillögu. Í máli Hjörvars kom fram að að mati þeirra sem lögðu tillöguna fram væri tvítekning í grein 2.2. og af þeim sökum væri nú lögð fram breytingartillaga til leiðréttingar.

Breytingartillagan fólst í því að fella á brott texta í grein 2.2. (textinn sem á að fella út er yfirstrikaður):

2.2 Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. **Framboð til stjórnar**

R

skulu kynnt á heimasíðu sjóðsins strax og þau liggja fyrir. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum en formaður skal kosinn af sjóðfélögum sbr. grein 2.1. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Hjörvar Jensson tók aftur til máls og sagði að í tillögunni fælist aukið lýðræði sjóðfélögum til handa, þ.e. að sjóðfélagar gætu kosið sinn formann á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund.

Hinrik tók til máls og nefndi í þessu sambandi að ferli breytinga á samþykktum lyki ekki á ársfundi heldur samkvæmt 7. gr. samþykktu, og sbr. 36. gr., þyrfti líka að fá staðfestingu meirihluta bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja og að lokum staðfestingu fjármálaráðuneytis að fengnu álitu Fjármálaeftirlitsins. Í máli Hinriks kom fram að þó svo að sjóðfélagar samþykktu breytingar á samþykktum sjóðsins þá yrðu þær ekki að staðreynd fyrr en að undangengnu þessu ferli.

Hjörvar Jensson tók til máls og nefndi að þetta væri flutningsmönnum tillögunnar ljóst.

Hinrik tók þá til máls og sagði að hann væri að skýra ferlið fyrir fundarmönnum, sem hugsanlega væri ekki öllum ljós málsmeðferðin og sagði að hugmyndin væri að þeir sjóðfélagar sem væru kjörnir í stjórnina væru tilbúnir með formannsefni ef stjórn sjóðsins samþykkti þann fulltrúa sem stjórnarformann.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna.

Gísli Jafetsson tók til máls og vísaði til þess sem Hinrik nefndi um fyrirkomulag breytinga á samþykktum hjá sjóðnum. Gísli spurði hvað myndi gerast ef meirihluti bankaráða og stjórna aðildarfyrirtækja samþykkti ekki breytingar sem sjóðfélagar samþykktu á ársfundi. Spurði Gísli hvaða staða væri þá komin upp.

Haukur Þórhallsson sjóðfélagi tók til máls. Í máli Hauks kom fram að hann ætlaði sér ekki að svara fyrir hönd sjóðsins en hann taldi þó að það hefði reynt á svona aðstæður áður og þá var tillaga felld af bankaráðum sem hafði þau áhrif að breytingartillaga á samþykktum náði einfaldlega ekki lengra. Þá spurði Haukur í lokin almennt af hverju í ósköpunum myndu bankaráð fella þessa tillögu.

Stefán Jóhann Stefánsson tók til máls. Stefán spurði hvort meiningin með framkominni tillögu væri sú að hér væri verið að gera tillögu að formanni sem lögð væri til á stjórnarfundi lífeyrissjóðsins sem þyrfti svo í framhaldinu að samþykkja af stjórn til að hann yrði formaður. Þ.e.a.s. felst í þessari tillögu að sjóðfélagar kjósi formannsefni. Nokkrir flutningsmenn tillögunnar jánkðu því frá borði sínu úr sal.

Baldur G. Jónsson tók til máls. Baldur spurði hvort hugmyndin væri að þessir þrír aðilar sem yrðu kosnir af sjóðfélögum í stjórn væru bundnir af því að styðja formannsefnið óháð þeirrar frjálsum skoðunar á því hver væri rétta formannsefnið. Nokkrir flutningsmenn tillögunnar jánkðu því frá borði sínu úr sal og sögðu að það væri skilningurinn á þessari tillögu. Baldur þakkaði fyrir.

Hinrik gaf orðið laust.

Gísli Jafetsson tók aftur til máls. Í máli Gísla kom fram að hann teldi ekki gott ef menn væru að ganga út frá því að aðildarfyrirtækin myndu samþykkja fram komna tillögu um breytingu á samþykktum. Gísli spurði hvort það væri rétt skilið af hans hálfu að ef sjóðfélagar samþykktu breytingar þá gætu aðildarfyrirtæki sjóðsins í raun komið í veg fyrir slíkar breytingar með því að hafna því að staðfesta slíkar tillögur.

Hinrik tók til máls og sagði að hugmyndin væri sú með framkominni tillögu að þegar kosnir væru þrír fulltrúar sjóðfélaga í stjórn þá myndi sami ársfundur sjóðsins velja formannsefnið. Síðan gerðist það þannig að á stjórnarfundi kæmu saman sex manns, þrír fulltrúar sjóðfélaga og þrír fulltrúar aðildarfyrirtækja, og þá myndi stjórn velja sér formann.

Gísli Jafetsson tók til máls og sagði að spurning hans sneri að breytingum á samþykktum, ekki inntaki tillögunnar sem slíkrí.

Hinrik tók þá til máls og sagði að á næsta aðalfundi þegar kosnir yrðu þrír fulltrúar sjóðfélaga í stjórn þá myndi sami ársfundur kjósa einn af þeim þremur sem formannsefni. Bankarnir eða aðildarfyrirtækin gætu svo verið með aðra hugmynd um formannsefni. Í máli Hinriks kom m.a. fram að hann vissi ekki hvað myndi svo gerast ef atkvæði við kjör stjórnar á formanni færu 3-3.

Gísli Jafetsson tók þá til máls og sagði að þetta væri ekki heldur það sem hann væri að spyrja um.

Tryggvi Tryggvason tók þá til máls og sagði að hans skilningur væri sá að ef breytingartillaga er ekki staðfest af bankaráði og stjórnnum aðildarfyrirtækjum, sbr. grein 7.2 í samþykktum, þá öðlist breytingin ekki gildi. Gísli Jafetsson þakkaði fyrir svarið úr sæti sínu í sal.

Hrefna Arnkelsdóttir tók þá til máls og vísaði í umræður um fyrirkomulag um breytingar á samþykktum. Hrefna spurði almennt hvort sjóðfélagar væru þá í raun réttlausir til að breyta lögum sjóðsins? Hrefna spurði jafnframt hvað sjóðfélagar ættu þá að gera ef aðildarfélagin samþykktu ekki breytingar, ættu þeir að sitja og bíða? Þá nefndi Hrefna að lokum að bankarnir hefðu ekki verið hagstæðir sjóðfélögum hingað til og að þetta væri ekki góð staða að hennar mati. Hrefna þakkaði fyrir sig.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls og var með spurningu um fram komna tillögu. Sigurjón spurði hvernig það væri ef ársfundur myndi ákveða formannsefni úr hópi sjóðfélaga og síðan myndu þrír fulltrúar bankanna í stjórn koma með annað formannsefni og atkvæði myndu falla 3-3. Sigurjón spurði hvort hann mætti þá sem stjórnarmaður styðja þann sem fulltrúar aðildarfyrirtækja myndu leggja til sem formannsefni eða hvort hann væri bundinn af ákvörðun aðalfundar. Sigurjón spurði hvernig ætti stjórnarmaður að bregðast við ef svona aðstæður kæmu upp. Þá nefndi Sigurjón að oft væri rétt um bankana sem einhverskonar óvin en hann hefði nú ekki orðið var við það í sínum störfum þvert á móti hefði hann aðeins orðið var við fulltrúar aðildarfyrirtækja í stjórn störfuðu af fullum heilindum. Sigurjón þakkaði fyrir sig.

Kjartan Sigurgeirsson tók til máls. Kjartan sagði tillöguna vera hugsaða þannig að það mætti byrja á að kjósa formannsefni og síðan stjórnarmenn og kosnir stjórnarmenn, fulltrúar sjóðfélaga, ættu þá ekki að gefa kost á sér ef þeir treystu sér ekki til að styðja þann sem kosinn hefði verið sem formannsefni sjóðfélaga á aðalfundi.

Hinrik tók til máls og þakkaði Kjartani og sagði hans svar hafa hugsanlega vakið upp fleiri spurningar en það svaraði.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls. Í máli Sigurjóns kom fram að hann taldi sig ekki hafa fengið svar við því hvernig ætti að taka á þeim aðstæðum þegar jafnt væri 3-3 í atkvæðum á stjórnarfundum við kjör á formanni. Sigurjón óskaði eftir nánari útskýringum.

Ingólfur Guðmundsson kom í pontu og tók til máls. Ingólfur kynnti sig sem stjórnarmann með Sigurjóni. Ingólfur sagðist skilja tillöguna þannig að ársfundur kysi formannsefni og svo hittist stjórnin ber saman bækur sínar og ef ekki næðist samstaða um formann þá skiptu menn með sér verkum. Ingólfur sagðist hafa enga trú um annað en að þetta fyrirkomulag myndi ganga vel.

Anna Kjartansdóttir tók til máls og spurði hvort að kosning ársfundar á formannsefni, gengi tillagan eftir, væri þá í raun ekki hugsuð sem bindandi kosning.

Ingólfur Guðmundsson tók til máls og sagði að eins og hann skildi tillöguna væri ársfundur aðeins að velja formannsefni en ekki formann, það væri stjórnin sjálf sem kysi sér formann. Að hans mati væri því ekki öruggt að formannsefni ársfundar yrði formaður stjórnar þannig að nei að hans mati yrði þetta ekki bindandi fyrir stjórnina, stjórn velur sér formann sjálf.

Hinrik tók til máls og spurði hvort þetta væri þá orðið skýrt.

Sveinbjörn Hafliðason bað um orðið. Sveinbjörn sagðist stundum hafa komið í pontu áður á ársfundi sjóðsins og sagðist hann jafnframt vera einn þeirra sem lögðu fram þá tillögu sem rætt væri um. Í máli Sveinbjörns kom fram að tillagan hefði það í för með sér að ársfundur myndi kjósa formannsefni og fulltrúa í stjórn, þá myndu þeir fulltrúar fara í stjórnina og mæta þar þremur fulltrúum aðildarfyrirtækja í stjórn. Stjórn þyrfti svo að komast að samkomulagi um það hver verður formaður. Nefndi Sveinbjörn að hann teldi samsetningu stjórnar, þ.e. sex manna stjórn úr tveimur hópum, 3 og 3, í raun vera til þess fallna að valda vandræðum. Sveinbjörn sagði þá að lokum að það kynni að vera að á næsta fundi myndi hann leggja til að fulltrúar sjóðfélaga yrðu fjórir og fulltrúar aðildarfyrirtækja tveir, þannig yrði sjóðurinn a.m.k. með starfhæfa stjórn.

Hinrik kvað orðið vera laust. Enginn tók til máls.

Tillaga sjóðfélaga, ásamt breytingartillögu þeirra sjálfra á sömu tillögu, var þá borin undir atkvæðagreiðslu. Tillaga sjóðfélaga, og breytingartillaga þeirra á fram kominni tillögu, var samþykkt á ársfundi með gefnum meirihluta atkvæðamerkja.

Engar frekari tillögur höfðu komið fram.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Antonsdóttir og Jón Ívarsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

7. Laun stjórnar- og skoðunarmanna

Fyrir fundinum lá engin tillaga um laun stjórnar- og skoðunarmanna og verða laun stjórnar- og skoðunarmanna því óbreytt frá fyrra ári.

Laun stjórnarmanna eru því kr. 70.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 35.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 70.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Laun skoðunarmanna áfram kr. 40.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna, eins og samþykkt var á ársfundi 2016.

8. Önnur mál

Hinrik til máls og hvatti sjóðfélaga í Hlutfallsdeild til að sitja áfram undir liðnum „önnur mál“ þar sem farið yrði yfir málefni Hlutfallsdeildar. Þá var sjóðfélögum Aldursdeildar boðið að sitja áfram ef þeir óskuðu þess.

Hinrik gaf Tryggva orðið.

a. Málefni Hlutfallsdeildar

Tryggvi tók til máls og gerði grein fyrir framgangi mála hjá Hlutfallsdeild. Tryggvi byrjaði á því að fara skilmerkilega yfir feril málsins frá haustinu 2015 til dagsins í dag. Í máli Tryggva kom fram að þar sem viðræður við aðildarfyrirtækin hefðu reynst árangurslausar og í kjölfar ályktunar ársfundar 2016 hefði sjóðurinn leitað atbeina dómstóla og í því skyni lagt fram beiðni til héraðsdóms þar sem óskað var dómkvaðningar matsmanns til að meta hvort tiltekna forsendur er varða uppgjör aðildarfyrirtækja á ábyrgð sinni 1997 hefðu staðist og ef ekki þá hvert umfang þess tjóns væri sem sjóðurinn hefði orðið fyrir vegna þess. Skemmst væri frá því að segja að Hæstiréttur staðfesti í

febrúar sl. að matsbeiðni lífeyrissjóðsins skyldi ná fram að ganga. Upplýsti Tryggvi fundarmenn um að dómkvaddur matsmaður hefði hafið störf nú þegar og væri fyrsti matsfundur ráðgerður á næstu vikum. Erfitt væri að spá fyrir um tímalínuna í framhaldinu en sagðist Tryggvi þó geta sagt að væntingar sínar og stjórnarmanna stæðu til þess að niðurstaða matsins gæti legið fyrir fyrir lok þessa árs. Tryggvi sagði það gleðiefni að málið væri komið í þennan farveg og nefndi að sjóðurinn myndi halda sjóðfélögum upplýstum um framgang málsins á vefsíðu sjóðsins eftir því sem framast væri unnt. Í máli Tryggva kom fram að þegar niðurstaða matsmanns lægi fyrir væri eðlilegt að stjórn sjóðsins tæki afstöðu til þess hvort hún teldi rétt að leita ætti samkomulags við aðildarfyrirtækin á grundvelli matsins. Allar ákvarðanir um endanlegar lyktir þessa máls yrðu ávallt bornar undir sjóðfélaga.

Tryggvi nefndi því næst, með vísan til yfirferðar hans um skýrslu stjórnar, að uppi væru hugmyndir um að skoða það hvort tilefni væri til að gefa möguleika á flutningi sjóðfélaga á milli deilda eins og gert var um áramótin 1997/1998. Ítrekaði Tryggvi að hann teldi rétt að nefna slíkar hugmyndir á fundinum en þó væri ekki tímabært að hans mati eyða tíma í að fara mjög djúpt í slíkar hugleiðingar þegar þetta stóra mál Hlutfallsdeildar væri enn óleyst.

Hinrik tók til máls og gaf orðið laust um þennan lið.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og spurði hver grunnurinn væri að hæfi þessa dómkvadda matsmanns.

Tryggvi Tryggvason svaraði og sagði matsbeiðnina hafa gert ráð fyrri því að það yrði kvaddur til hæfur og óvilhallur matsmaður til að fara yfir tiltekna forsendur. Það hefði verið stungið upp á tilteknum tryggingastærðfræðingi, óháðum aðila, sem matsmanni af hálfu sjóðsins og voru ekki gerðar athugasemdir við þá tillögu af hálfu matsþola. Það lá fyrir frá upphafi að það væri eðlilegt að óska eftir tryggingastærðfræðingi og sú varð niðurstaðan. Við treystum því að hann sinni þessu verkefni með sóma.

Hinrik tók til máls og kvað orðið enn vera laust.

Kjartan Sigurgeirsson kom í pontu og tók til máls og sagði nokkra sjóðfélaga vera með áskorun til stjórnar sjóðsins. Með leyfi fundarstjóra las Kjartan upp áskorunina. Kjartan lét fundarritara fá afrit af áskoruninni og er hún endurrituð hingað inn:

ÁSKORUN TIL STJÓRNAR LÍFBANK

Sjóðfélagar á ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna þann 26. apríl 2017, skora á stjórn sjóðsins að kanna hvort hægt sé að ná fram rekstrarhagræði með samstarfi við aðra lífeyrissjóði.

Helstu ástæður:

Undanfarin ár hafa fjölmargir lífeyrissjóðir verið sameinaðir. Megin markmið þessara sameininga hafa verið að ná fram lækkun á rekstrarkostnaði. Hér er ekki verið að leggja til sameiningu við aðra sjóði heldur að kannað verði hvort hægt verði að ná fram rekstrarhagræði t.d. hvað varðar kostnað við húsnæði og starfsmannakostnað með samstarfi við aðra rekstraraðila lífeyrissjóða.

Ljóst er að sjóðfélögum Lífbank mun halda áfram að fækka og því teljum við rétt að þetta verði kannað.

Kjartan þakkaði fyrir sig.

Hinrik Greipsson tók til máls og kvað orðið vera laust um þessa tillögu um áskorun til stjórnar sjóðsins. Enginn bað um orðið. Hinrik las því aftur upp áskorunina og bar hana til atkvæðagreiðslu fundar. Áskorunin var samþykkt með meirihluta atkvæðamerkja.

Hinrik kvað orðið enn vera laust undir liðnum önnur mál. Engir fleiri tóku til máls.

Hinrik þakkaði fyrir málefnalegan og góðan fund og þakkaði framkvæmdastjóra sjóðsins, tryggingastærðfræðingi sjóðsins, ritara fundarins og það fundarmenn vinsamlegast um umboð til fundarstjóra og fundarritara til að fá að ganga frá fundagerð. Að svo búnu þakkaði Hinrik fyrir og sagði fundi slitið.

Var fundi slitið um kl. 19:45. Fundarmenn voru um það bil 115 talsins.

Reykjavík, 19. júní 2017

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:



Pálmi Rögnvaldsson